

## REGLUR um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

### 1. gr.

#### *Almennt.*

Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands er rannsóknar- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð, og er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði erfðafræði.

### 2. gr.

#### *Hlutverk.*

Hlutverk erfðafræðinefndar er:

- a. að efla erfðafræðilegar rannsóknir sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- b. að reka gagnabanka Háskóla Íslands um ættfræði,
- c. að sinna þjónustuverkefnum á sviði ætt- og erfðafræði og
- d. að stuðla að sterkum tengslum innan og utan Háskólans við atvinnu- og þjóðlíf.

### 3. gr.

#### *Aðstaða.*

Um starfsaðstöðu nefndarinnar og starfsmanna hennar fer eftir ákvörðunum háskóla- yfirvalda og samningum sem gerðir eru um samstarf á fræðasviðum nefndarinnar við Landspítala – háskólasjúkrahús og aðila utan Háskólans.

Nefndin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

### 4. gr.

#### *Skipan nefndarinnar.*

Háskólaráð skipar sjö menn til setu í erfðafræðinefnd til þriggja ára í senn. Einn nefndar- maður er skipaður skv. tilnefningu landlæknis, einn skv. tilnefningu hagstofustjóra og einn skv. tilnefningu forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss en aðrir nefndarmenn eru skipaðir án tilnefningar.

Nefndin kýs sér formann og varaformann úr þeim hópi sem háskólaráð skipar án til- nefningar. Jafnframt kýs nefndin sér ritara óháð tilnefningu. Formaður, varaformaður og ritari mynda þriggja manna framkvæmdastjórn undir forystu formanns. Umboð framkvæmda- stjórnar ræðst af ákvörðun erfðafræðinefndar.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður fyrir starfsemi nefndarinnar kemur formaður fram fyrir hennar hönd, annast daglegan rekstur hennar og framkvæmd á ákvörðunum sem nefndin hefur tekið.

### 5. gr.

#### *Nefndarfundir.*

Formaður nefndarinnar boðar nefndarfundir bréfluga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skýlt er að boða nefndarfund óski tveir eða fleiri nefndarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á nefndarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formanns-störfum.

Halda skal gerðabók nefndarinnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Sé ráðinn forstöðumaður fyrir starfsemi nefndarinnar situr hann nefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

#### 6. gr.

##### *Verkefni nefndarinnar.*

Nefndin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir um störf sín, setur starfseminni rannsókn-arstefnu og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna. Þá ber nefndin ábyrgð á fjármálum nefndarinnar gagnvart háskólaráði og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Nefndin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða starfsemina.

#### 7. gr.

##### *Forstöðumaður og starfsmenn.*

Heimilt er rektor, að fenginni tillögu nefndarinnar, að ráða forstöðumann fyrir starfsemi nefndarinnar. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf. Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður hafa háskólapróf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur nefndarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem nefndin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer nefndin eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

#### 8. gr.

##### *Fjármál.*

Tekjur erfðafræðinefndar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
- b. framlag skv. samstarfssamningum við Landspítala – háskólasjúkrahús og aðila utan Háskólans,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi byggðar á gjaldskrá nefndarinnar sem háskólaráð hefur staðfest,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald nefndarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri nefndarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur settar af háskólaráði þann 9. júní 1966 um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

*Háskóla Íslands, 2. júlí 2002.*

**Páll Skúlason.**

---

*Þórður Kristinsson.*